

Stofnfundur samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

Haldinn að Grensásvegi 16a 25. apríl kl. 14:00

Dagskrá:

1. Setning
 2. Skipan fundarstjóra og ritara
 3. Aðdragandi að stofnun
 4. Samþykktir:
 - a) kynning
 - b) undirskrift stofnaðila
 5. Kosningar:
 - a) kosning formanns
 - b) kosning annarra stjórnarmanna og varastjórnar
 - c) Kosning skoðunarmanna
 6. Fjárhagsáætlun og árgjald
 7. Önnur mál
-
1. Smári Haraldsson setti fund.
 2. Fundurinn kaus Huldu Ólafsdóttur fundarstjóra og Heiðrúnu Guðmundsdóttur sem ritara.
 3. Smári kynnti aðdraganda stofnunar samtakanna.
 4. a) Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir kynnti samþykktir samtakanna. Gerð var breyting á 2. mgr. 8. gr. samþykktarinnar, svohljóðandi:
„Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu einstakra mála sem varða hann persónulega eða sérstaklega þá starfsemi sem hann er fulltrúi fyrir.“
Breytingin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Jens Hjaltested, menntamálaráðuneytinu vék af fundi.

Borin var upp eftirfarandi tillaga:

„Fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök gera gerst stofnaðilar að Leikn út árið 2005, enda uppfylla þau samþykktir Leiknar.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

b) 15 fulltrúar samtaka og fræðsluaðila skrifuðu undir samþykktir Leiknar og gerðust stofnaðilar að samtökunum.

Emil Björnsson vék af fundi.

5. Kosningar:

	Aðalmenn	Varamenn
Kvasir	2	1
Iðngreinar	(1)	
Námsflokkar	1	
Grensásvegur 16a	1	aðrir 1

- a) Smári Haraldsson kosinn formaður.
- b) Aðalmenn: Ína, Þorbjörg, Ingibjörg, Birna
Varamenn: Emil, Hulda.
voru kjörin í stjórn Leiknar með öllum greiddum atkvæðum.
- c) Atli, Bryndís, voru kjörin skoðunarmenn reikninga.

6. Fjárhagsáætlun og árgjald:
Fundarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir 1. starfsár Leiknar. Framlögð fjárhagsáætlun samþykkt.

7. Önnur mál:

- a) Skúli Thoroddsen óskaði fundinum til hamingju með Leikn. Hann tilkynnti að í morgun hefði stjórn Starfsgreinasambandsins ákveðið að styrkja Leikn um kr. 200.000.
- b) Guðrún Halldórsdóttir þakkaði fyrir gott samstarf og kveður með hlýjum kveðjum og óskum.

Nýkjörinn formaður þakkaði traustið og þakkaði styrk Starfsgreinasambandsins. Þakkaði einnig fulltrúum sem eru á fundinum fyrir samstöðu og hlýju.

Aðalheiður Jónsdóttir
Anna Lilja Jónsdóttir
Arna Jakobína Björnsdóttir
Bergþóra Þórhallsdóttir
Birna Gunnlaugsdóttir
Bryndís Þráinsdóttir
Brynja R. Guðmundsdóttir
Guðjónína Sæmundsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Guðrún Kristín Jónsdóttir
Heiðrún Guðmundsdóttir
Hulda Ólafsdóttir
Ingibjörg E. Guðmundsdóttir
Ingibjörg Stefánsdóttir
Jóhann Ingólfsson
Kristín Jónsdóttir
Kristján Knutsen
Sigríður Ágústsdóttir
Sigurður Ólafsson
Skúli Thoroddsen
Smári Haraldsson
Stefanía Magnúsdóttir
Theodór Hallsson
Þorbjörg Jónsdóttir